

## Reglur um þátttöku starfsmanna í atvinnustarfsemi

### 1. Almenn ákvæði

- 1.1 Reglur þessar eru settar á grundvelli 56. gr., sbr. 54. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki.
- 1.2 Markmið reglna þessara er að koma í veg fyrir hagsmunaárekstra í starfsemi Íslandsbanka hf., (hér eftir „bankinn“) vegna þátttöku starfsmanna í atvinnustarfsemi utan bankans, og að koma í veg fyrir að draga megi hlutleysi starfsmanna í efa við meðferð og afgreiðslu einstakra mála. Þá er reglunum ætlað að stuðla að trúverðugleika bankans og starfsmanna hans.

### 2. Gildissvið

- 2.1 Reglur þessar gilda um alla starfsmenn nema bankastjóra og innri endurskoðanda<sup>1</sup>.
- 2.2 Með þátttöku í atvinnustarfsemi er átt við stjórnarsetu hjá og/eða viðtöku launa frá fyrirtæki/félagi, einnig þegar um störf/stjórnarsetu er að ræða fyrir hönd bankans. Eignarhlutur í fyrirtæki telst þátttaka í atvinnustarfsemi nema um sé að ræða óverulegan hlut sem ekki veitir bein áhrif á stjórnun þeirra, að mati regluvarðar.
- 2.3 Reglur þessar gilda ekki um þátttöku í stjórn og/eða starfi hjá húsfélögum þar sem starfsmaður býr, þ.e. hefur fasta búsetu, eða almennum félagasamtökum.<sup>2</sup>
- 2.4 Ákvæði reglna þessara takmarka á engan hátt atvinnufrelsi maka.

### 3. Orðskýringar

*Stjórnandi:* Framkvæmdastjóri (Managing Director), útibússtjóri (Branch Manager), forstöðumaður (Executive Director).

*Starfsmaður:* Aðrir starfsmenn en stjórnandi.

*Regluvörður:* Regluvörður eða viðeigandi starfsmaður Regluvörslu.

### 4. Þátttaka í atvinnustarfsemi

#### **Stjórnandi**

- 4.1 Stjórnandi er óheimilt að taka þátt í atvinnustarfsemi nema með heimild regluvarðar.
- 4.2 Óski stjórnandi eftir því að taka þátt í atvinnustarfsemi skal hann senda umsókn, á viðeigandi eyðublaði<sup>3</sup>, með tölvupósti til regluvarðar á [regluvarsla@islandsbanki.is](mailto:regluvarsla@islandsbanki.is) og samhliða senda afrit til næsta yfirmanns síns.
- 4.3 Taki stjórnandi þátt í atvinnustarfsemi á þeim tíma er hann hefur störf hjá bankanum skal hann jafnframt leita eftir heimild, sbr. gr. 4.2.
- 4.4 Regluvörður leitar álits næsta yfirmanns stjórnanda vegna umsóknar um þátttöku í atvinnustarfsemi.
- 4.5 Þyki regluverði leika vafi á því hvort heimild skuli veitt getur hann óskað álits innri endurskoðanda, yfirlögfræðings, bankastjóra og/eða mannauðsstjóra.

#### **Starfsmaður**

- 4.6 Ef starfsmaður hyggst taka þátt í atvinnustarfsemi skal hann tilkynna það, á viðeigandi eyðublaði<sup>4</sup>, yfirmanni sínum og senda regluverði samhliða afrit á [regluvarsla@islandsbanki.is](mailto:regluvarsla@islandsbanki.is)
- 4.7 Starfsmaður sem tekur þátt í atvinnustarfsemi þegar hann hefur störf hjá bankanum skal hann tilkynna yfirmanni og regluverði um það sbr. 4.6.
- 4.8 Þyki yfirmanni leika vafi á því að tilkynnt þátttaka starfsmanns samræmist markmiðum reglna þessara ber honum að vísa tilkynningu til regluvarðar sem leggur mat á tilkynningu.
- 4.9 Þyki regluverði leika vafi á því að tilkynnt þátttaka starfsmanns samræmist reglum þessum skal regluvörður taka tilkynningu til meðferðar, líkt og um umsókn stjórnanda væri að ræða, samkvæmt viðeigandi ákvæðum 4. og 5. kafla. Í slíkum tilvikum mun regluvörður tilkynna starfsmanni um það og óska eftir skýringum, ef við á.

<sup>1</sup> Stjórn bankans meðhöndlar umsóknir bankastjóra og innri endurskoðanda um þátttöku í atvinnustarfsemi.

<sup>2</sup> T.d. foreldrafélögum, trúfélögum, íþróttafélögum eða góðgerðafélögum.

<sup>3</sup> EY-2882 Umsókn um heimild til þátttöku í atvinnustarfsemi

<sup>4</sup> EY-7866 Tilkynning um þátttöku í atvinnustarfsemi

## Regluvörður

- 4.10 Óski regluvörður eftir því að taka þátt í atvinnustarfsemi skal hann senda skriflega umsókn, á viðeigandi eyðublaði<sup>5</sup>, til bankastjóra þar að lútandi.
- 4.11 Taki regluvörður þátt í atvinnustarfsemi á þeim tíma er hann hefur störf hjá bankanum skal hann tilkynna bankastjóra um það og leita eftir heimild, sbr. grein 4.10.
- 4.12 Þyki bankastjóra leika vafi á því hvort heimild skuli veitt getur hann óskað álits innri endurskoðanda, yfirlögfræðings og/eða mannauðsstjóra.

## 5. Meðferð umsókna

- 5.1 Þegar regluvörður og yfirmaður leggja mat á það hvort veitt skuli heimild til þátttöku í tilteknum atvinnustarfsemi skal ganga úr skugga um að:

- þátttaka sé ekki andstæð lögum,
- ekki sé hætt á hagsmunarékkstrum m.t.t. bankans og viðskiptavina hans vegna þátttöku viðkomandi,
- þátttaka skaði ekki hagsmuni og/eða trúverðugleika bankans,
- þátttaka stefni ekki óháðri stöðu viðkomandi í hættu,
- þátttaka samrýmist starfi viðkomandi hjá bankanum.<sup>6</sup>

*Ganga skal úr skugga um að viðkomandi sé ekki í þeirri stöðu að geta beitt sér eða með öðrum hætti sett mark sitt á mál fyrirtækisins/félagsins sem um ræðir, við meðferð og afgreiðslu hjá bankanum.*

- 5.2 Veita má heimild til þátttöku í atvinnustarfsemi með tilteknum takmörkunum, ef við á, sé litið svo á að slík ráðstöfun samrýmist tilgangi reglna þessara.<sup>7</sup>
- 5.3 Regluvörður getur afturkallað áður veitta heimild til þátttöku í atvinnustarfsemi. Skal heimild afturkölluð með skriflegum hætti og tekur afturköllun gildi þegar hún er komin til vitundar viðkomandi. Skal honum veittur sanngjarn frestur til að gera viðeigandi ráðstafanir, t.d. að segja sig úr stjórn fyrirtækis eða félags eða hættu þátttöku að öðru leyti.

## 6. Ábyrgð

- 6.1 Regluvörður skal halda skrá um tilkynningar og heimildir vegna þátttöku í atvinnustarfsemi.
- 6.2 Sá sem fengið hefur heimild til þátttöku í atvinnustarfsemi skal án tafar tilkynna regluverði ef breytingar verða á:
- starfssviði/ábyrgð viðkomandi innan bankans,
  - þátttöku hans í atvinnustarfseminni sem um ræðir<sup>8</sup>,
  - á starfsemi fyrirtækisins/félagsins sem um ræðir,
  - á fyrirtækinu/félaginu sjálfu<sup>9</sup>.

Skal regluvörður í kjölfarið endurmeta veitta heimild með hliðsjón af breytingunum.

- 6.3 Hætti stjórnandi/starfsmaður þátttöku í atvinnustarfsemi skal hann tilkynna regluverði og yfirmanni þá ráðstöfun án tafar<sup>10</sup>.

## 7. Viðurlög

- 7.1 Brot gegn reglum þessum geta varðað úrbótakröfu, athugasemd og/eða áminningu í samræmi við „Valdheimildir Regluvarðar Íslandsbanka“.
- 7.2 Regluvörður skal halda skrá yfir brot og viðurlög. Regluvörður upplýsir stjórn bankans um brot og viðurlög með reglulegri skýrslugjöf.

## 8. Önnur ákvæði

- 8.1 Starfsmenn skulu við upphaf starfs hjá bankanum staðfesta að þeir hafi kynnt sér reglur þessar á innraneti bankans, sjá „Mínar síður“.

Samþykktar af framkvæmdarstjórn Íslandsbanka hf., maí 2016

<sup>5</sup> EY-2882 Umsókn um heimild til þátttöku í atvinnustarfsemi

<sup>6</sup> Hér er m.a. átt við starf hjá samkeppnisaðila, öðrum aðila sem heyrir undir eftirlit FME eða fyrirtæki með starfsemi sem haft getur áhrif á orðspor bankans.

<sup>7</sup> S.s. tímamörk eða bundið við ákveðin verkefni.

<sup>8</sup> S.s. breyting á ábyrgð, starfssviði eða eignarhlutdeild.

<sup>9</sup> S.s. breyting á rekstrarformi.

<sup>10</sup> EY-2881 Tilkynning um að hafa hætt þátttöku í atvinnustarfsemi